



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Garðabær

Garðatorgi 7
210 Garðabæ

Kópavogur, 14. desember 2017
1712001 SB

Efni: Vaxtamörk á Álfsnesi - verkefnislýsing fyrir breytingu á svæðisskipulagi

Á 80. fundi svæðisskipulagsnefndar höfuðborgarsvæðisins, þann 8. desember s.l. var samþykkt að hefja breytingar á vaxtamörkum svæðisskipulags á Álfsnesi í tengslum við breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur fyrir iðnaðarsvæði undir efnisvinnslu í Álfsnesvík.

Eftirfarandi var bókað:

Niðurstaða:

Svæðisskipulagsnefnd leggur til við aðildarsveitarfélögin að afgreiða verkefnislýsinguna til kynningar og umsagnar, sbr. 1. mgr. 23. gr. skipulagslaga og 2. mgr. 6. gr. laga um umhverfismat áætlaða. Svæðisskipulagsstjóri er falið að kalla eftir gögnum um skipulögð iðnaðar- og athafnasvæði hjá sveitarfélögunum og að hafin verði úttekt á framboði atvinnu- og iðnaðarlóða með áherslu á landþörf til næstu ára. Niðurstaða þeirra úttektar verður hluti af þeirri skipulagsvinnu sem framundan er.

Líkt og fram kemur í bókun svæðisskipulagsnefndar þá er undirrituðum einnig falið að hefja úttekt á framboði á skipulögðu iðnaðar- og athafnasvæðum á höfuðborgarsvæðinu. Því er kallað eftir eftirfarandi upplýsingum sem varðar Garðabæ.

1. Fjöldi og stærð lóða á iðnaðar- og athafnasvæðum sem lausar eru til úthlutunar.
2. Fjöldi og stærð lóða á iðnaðar- og athafnasvæðum sem eru á deiliskipulögðum svæðum.
3. Stærð iðnaðar- og athafnasvæða sem skilgreind eru á aðalskipulagi en ekki er búið að deiliskipuleggja.
4. Stærð þeirra svæða sem nú hýsa iðnað eða athafnarstarfsemi sem munu víkja á næstu 5 ára og einnig til lengri tíma.
5. Fjöldi fyrirspurna og umsókna um lóðir á iðnaðar- og athafnasvæðum á árinu 2017.

Að lokum er minnt á að við afgreiðslu á verkefnislýsingu svæðisskipulagsbreytinga þarf afstaða sveitarfélagsins að liggja fyrir.

Virðingarfyllst,

Hrafnkell Á. Proppé
Svæðisskipulagsstjóri höfuðborgarsvæðisins

Meðfylgjandi:
Verkefnislýsing